

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd
Sendandi: Viðskiptaráðuneyti
Dagsetning: 7. desember 2004
Málsnúmer: IVR04090084
Bréfalykill: 52.010

Efni: Tillaga að breytingum á frumvarpi til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki og váttryggingastarfsemi - 211. mál

Með hliðsjón af umræðu á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis 4. desember sl. og að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands gerir viðskiptaráðuneytið tillögu um eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Við 6. gr.

6. gr. orðist svo:

Við 3. mgr. 84. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið setur reglur um útreikning á eiginfjárhlutfalli fyrir fjármálasamsteypur sem byggja á tilskipun ráðsins nr. 2002/87/EB, um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu.

Athugasemd:

Lagt er til að heimild Fjármálaeftirlitsins til að setja reglur um útreikning á eiginfjárhlutfalli verði bundin við þær aðferðir sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins nr. 2002/87/EB.

2. Við 9. gr.

a. 1. mgr. a-liðar 9. gr. (98. gr.) orðist svo:

Með endurskipulagningu fjárhags lánastofnana er átt við ráðstafanir sem ætlað er að viðhalda fjárhagslegri stöðu lánastofnunar eða koma henni í eðlilegt horf og gætu haft áhrif á áður fengin réttindi þriðju aðila, þ.m.t. ráðstafanir sem fela í sér hugsanlega greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum. Þegar um er að ræða lánastofnun með höfuðstöðvar á Íslandi er með endurskipulagningu fjárhags átt við heimild til greiðslustöðvunar og heimild til að leita nauðasamnings samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

Athugasemd:

Lagt er til að skilgreining á hugtakinu endurskipulagning fjárhags í 1. mgr. a-liðar 9. gr. (98. gr.) verði víkkuð út þannig að hún nái ekki aðeins yfir endurskipulagningu fjárhags lánastofnana með höfuðstöðvar hérlendis heldur einnig endurskipulagningu fjárhags lánastofnana með höfuðstöðvar erlendis sem ákvörðuð er af erlendu yfirvaldi. Þessi almenna skilgreining er í samræmi við tilskipun 2001/24/EB. Jafnframt er tekið fram að þegar um er að ræða lánastofnun með höfuðstöðvar á Íslandi er með endurskipulagningu fjárhags einungis átt við heimild til greiðslustöðvunar og heimild til að leita nauðasamnings samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

b. Á eftir h-lið 2. mgr. b-liðar 9. gr. (99. gr.) bætist eftirfarandi liðir og núverandi i-liður verður n-liður:

- i. Um fullnustu eignarréttinda, þ.m.t. veðréttinda, yfir fjármálagerningum sem eru rafrænt skráð fer eftir lögum þess ríkis þar sem skráningin fer fram.
- j. Samningur um skuldajöfnuð fer eftir lögum þess ríkis sem um samninginn gilda.

k. Endurkaupasamningur fer eftir lögum þess ríkis sem um samninginn gilda, sbr. þó ákvæði i-liðar.

l. Viðskipti á skipulegum verðbréfamarkaði skulu fara eftir lögum þess ríkis sem gilda um samninginn um þau viðskipti, sbr. þó ákvæði i-liðar.

m. Um greiðslu- og uppgjörskermæli í greiðslu- og uppgjörskerfum fer eftir lögum þess ríkis sem gilda um viðkomandi kerfi.

Athugasemd:

Lagt er til að á eftir h-lið 2. mgr. b-liðar 9. gr. (99. gr.) bætist fimm nýir liðir sem kveða á um frávik frá meginreglunni í 1. mgr. um lögsögu heimaríkis. Fyrstu fjórir liðirnir innleiða ákvæði 24.-27. gr. tilskipunar 2001/24/EB, þ.e. um lagaskilaregluna *lex rei sitae*, samninga um skuldajöfnun, endurkaupasamninga og viðskipti á skipulögðum markaði. Lagaskilareglan tekur m.a. til veðréttinda í rafrænt skráðum fjármálagerningum sem veitt eru vegna starfsemi greiðslu- og uppgjörskerfa, sbr. 9. gr. laga nr. 90/1999, um öryggi greiðslufyrirmæla í greiðslukerfum, og veðréttinda samkvæmt samningum um fjárhagslegar tryggingarráðstafanir. Í m-lið er tekið fram að um fyrirmæli í greiðslu- og uppgjörskerfum fari eftir lögum þess ríkis sem gilda um viðkomandi kerfi. Er þetta í samræmi við 25.-26. tl. aðfaraorða tilskipunar 2001/24/EB og ákvæði laga nr. 90/1999. Vegna þessara breytinga verður núverandi i-liður n-liður.

3. Við 11. gr.

a. Við 1. mgr. b- liðar 11 gr. (105. gr.) bætist eftirfarandi:

Með slitum á lánastofnunum samkvæmt þessari grein er átt við sameiginlega málsmeðferð sem stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins hefja og hafa eftirlit með og sem hefur að markmiði að selja eignir undir eftirliti þessara yfirvalda.

b. 3. mgr. b-liðar 11. gr. (105. gr.) orðast svo:

Nú er sett fram krafa um gjaldþrotaskipti á grundvelli 2. mgr. 6. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., vegna útibús sem lánastofnun með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins starfrækir hér á landi. Skal héraðsdómari þá gera Fjármálaeftirlitinu viðvart um kröfuna. Ef viðkomandi lánastofnun starfrækir útibú í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu skal Fjármálaeftirlitið tilkynna eftirlitsstjórnvöldum í þeim ríkjum um kröfuna.

Athugasemd:

Lagt er til að tekin verði inn í 1. mgr. skilgreining á slitum lánastofnunar með höfuðstöðvar erlendis. Ákvörðun um slík slit verður tekin af lögbærum erlendum yfirvöldum í samræmi við lög viðkomandi ríkis. Skilgreiningin er í samræmi við tilskipun 2001/24/EB.

Lagðar eru til orðalagsbreytingar á 3. mgr. í þeim tilgangi að kveða með skýrari hætti á um þá aðstöðu þegar krafa er sett fram gagnvart héraðsdómara hér á landi um gjaldþrotaskipti á héraðinu útibúi lánastofnunar með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Um þetta gilda ákvæði 2. mgr. 6. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.